



Áherslur stúdenta um úthlutunarreglur LÍN

Frítekjumark

LÍS krefjast þess að frítekjumark verði sambærilegt því sem tíðkast á Norðurlöndunum. Frítekjumark LÍN er 930.000 kr. í hámarksárstekjur sem er lægst á Norðurlöndunum og meira en helmingi lægra en í Noregi og Danmörku. Fyrsta skref gæti verið að hækka frítekjumark í samræmi við launapróun. LÍS vilja jafnframt að skerðingarhlutfall framfærsluláns, þegar árstekjur fara umfram frítekjumark, lækki úr 45 %, niður í 35 % eins og það var áður en því var breytt árið 2014. Einnig vilja LÍS að eftir námshlé megi sækja um fimmföldun frítekjumarks eins og áður var, í stað þreföldunar eins og nú er.

Grunnframfærsla

Samtökin vilja að grunnframfærsla sem LÍN miðar við verði að minnsta kosti 100 % af grunnviðmiði neysluviðmiða Velferðarráðuneytisins, í stað 96 % sem nú er. Þá óska samtökin þess að grunnframfærsla sem LÍN miðar við verði endurskoðuð og að markvisst verði unnið að því að hækka framfærslu í samræmi við framfærslu annarra samfélagshópa eða lágmarkslaun.

Námsmenn erlendis

Endurskoða þarf hvernig framfærsla íslenskra námsmanna erlendis er reiknuð. Framfærsla þeirra þarf að vera í takt við aðstæður hverju sinni og þarf að sækjast eftir því að eiga samtal við stúdenta þegar hún er endurskoðuð. Það er samfélaginu öllu til hagsbóta að nám erlendis sé eftirsóknarverður og mögulegur kostur fyrir alla, óháð efnahag.

Námsmenn með börn

LÍS vilja að stuðningur við fjölskyldufólk í námi sé aukinn til muna. Tryggja þarf framfærslu barna, óháð því hvernig foreldrum gengur í námi. Endurskoða þarf framfærslu umgengnisforeldra með það að markmiði að jafnræðis verði gætt milli þeirra og lögheimilisforeldra.

Húsnæðismál lánþega

Þegar framfærsla stúdenta er ákveðin með tilliti til húsnæðiskostnaðar þarf að miða við aðstæður í raun enda búa einungis um 9% þeirra í stúdentaíbúðum sem eru þau leigukjör sem LÍN miðar við í dag. Framfærsla stúdenta sem ekki búa í foreldrahúsum er því miðuð við stúdentaíbúðir en ekki við raunverulega þörf þeirra sem búa á almennum leigumarkaði. Þegar skortur á stúdentaíbúðum er eins mikill og raun ber vitni er mikilvægt að LÍN taki tillit til og komi til móts við stúdenta í samræmi við það.

Lágmarksframvindukröfur

Sumar greinar háskólanna eru með það viðamikla áfanga að sumir stúdentar sækja staka áfanga

sem telja allt að 18 ECTS einingar. Nýlega voru námsframvindukröfur hækkaðar úr 18 einingum í 22 einingar. Falli stúdent því í slíkum áfanga hverfa nær líkur hans á að uppfylla lánsskilyrði algjörlega. Ótækt er að stúdentar eigi á hættu á slíku áfalli ofan á krefjandi nám og vilja LÍS því að kröfurnar verði aftur lækkaðar í 18 einingar á önn. Jafnframt þarf að tryggja einstaklingum sem stunda nám með fram vinnu stuðning.

Lánshæfar einingar

Mikilvægt er að stúdentar njóti svigrúms til þess að stunda fjölbreytt nám. Stúdentar þurfa að eiga þess kost að skipta um námsleiðir æski þeir þess, innan eðlilegra marka. Jafnframt þarf stuðning við stúdentar sem verða að þreyta samkeppnispróf oftár en einu sinni fyrir inngöngu í ákveðnar greinar. Sveigjanleiki í námi stuðlar ekki aðeins að aukinni vellíðan heldur fjölbreyttari og öflugri einstaklingum fyrir samfélag og atvinnulíf. Því vilja LÍS að lánshæfum einingum verði fjölgað úr 480 einingum, í 600 einingar.

Samþykkt á fulltrúaráðsfundi LÍS 2. október 2018

F.h. Landssamtaka íslenskra stúdenta



Ólafur Pálmason
Formaður